



FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Málefnaályktanir

34. FLOKKSPINGS FRAMSÓKNARMANNA

Reykjavík 1.-2. október 2016.

Efnisyfirlit

Árangur fyrir heimilin og atvinnulífið – árangur fyrir samfélagið.....	3
Ályktun um efnahagsmál, fjármál ríkisins og skattamál.....	4
Ályktun um viðskipta- og neytendamál	6
Ályktun um atvinnumál, landbúnað og sjávarútveg.....	7
Landbúnaður	7
Sjávarútvegur	8
Ályktun um iðnaðar- og orkumál.....	10
Ályktun um ferðaþjónustu.....	12
Íslenskur matur og ferðamenn	12
Íslensk náttúra og ferðamenn.....	13
Ályktun um velferðarmál.....	14
Heilbrigðismál	15
Málefni aldraðra.....	16
Málefni fjölskyldna og barna	17
Jafnréttismál	18
Almenn félagsþjónusta	18
Húsnæðismál.....	18
Ályktun um mennta- og menningarmál.....	20
Menntamál.....	20
Menningarmál.....	21
Ályktun um stjórnskipan, kirkjumál, mannréttindamál og dómsmál	23
Ályktun um sveitarstjórnarmál	26
Ályktun um samgöngur, fjarskipti og byggðamál.....	27
Ályktun um umhverfis- og auðlindamál.....	29
Náttúruvernd.....	29
Auðlindir	29
Innviðir í íslenskri náttúru	29
Endurnýting og endurvinnsla	30
Loftlagsmál	30
Skógrækt og landgræðsla.....	30
Hafið.....	30
Ályktun um utanríkismál	32

Árangur fyrir heimilin og atvinnulífið – árangur fyrir samfélagið

34. FLOKKSPING FRAMSÓKNARMANNA haldið 1.-2. október 2016 fagnar þeim þýðingarmikla árangri sem ríkisstjórnin undir forystu Framsóknarflokksins hefur náð við uppbyggingu efnahagslífs og endurreisn samfélagsins. Sérstaklega ber að fagna aðgerðum í þágu heimilanna, þeirri skýru sýn sem leiddi til farsælla skrefa við losun fjármagnshafta, aukningu kaupmáttar og endurreisn velferðarkerfisins.

Flokksþingið telur það til vitnis um styrka og ábyrga stjórn á þeim tíma sem liðinn er frá því að ríkisstjórnin undir forystu Framsóknarflokksins tók við völdum að góður árangur hefur náðst í því að rétta við og bæta flesta lykilþætti í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Með ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum hafa fjárlög verið hallalaus, erlend staða þjóðarbúsins hefur ekki verið betri í hálfu öld, hagvöxtur hefur aukist verulega, verðbólga haldist undir viðmiði Seðlabankans í lengri tíma en áður hefur þekkt, kaupmáttur launafólks hefur stórauðist, störfum hefur fjölgað umtalsvert og atvinnuleysi verið lágt.

Á þessum trausta grunni þarf að byggja á næstu árum. Heilbrigðiskerfið þarf að styrkja með byggingu nýs sjúkrahúss, menntun fleiri starfsfólks og með eflingu heilsugæslunnar – fyrsta viðkomustaðar í kerfinu. Stöðu aldraðra þarf að bæta í samræmi við þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á kjörtímabilinu. Fjármálakerfið þarf að vera skilvirkara og er ríkið í kjöraðstöðu til að beita sér fyrir slíku sem eigandi tveggja banka. Sem fjórða stoð hagkerfisins þarf ferðaþjónustan skýra stefnumörkun til að styðja við vöxt greinarinnar. Framsóknarflokkurinn hefur verið hlynntur gjaldtöku.

Framtíð Íslands er björt ef rétt er á málum haldið.

Ályktun um efnahagsmál, fjármál ríkisins og skattamál

Framsóknarflokkurinn fagnar þeim gríðarlega árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum á kjörtímabilinu. Eftirtektarverður árangur í efnahagsmálum á þessu kjörtímabili er ekki síst skýrri sýn og markvissri stefnu ríkisstjórnarinnar, undir forystu Framsóknarflokksins að þakka. Tvennt stendur þar upp úr. Leiðréttingin var almenn efnahagsaðgerð sem tók á skuldum heimilanna, rauf efnahagslega kyrrstöðu og jók hagvöxt. Losun fjármagnshafta gjörbreytir efnahagslegri stöðu Íslands. Erlend staða þjóðarbúsins hefur ekki verið betri í hálfu öld, skuldir ríkissjóðs lækka umtalsvert, gengi krónu hefur styrkst og láns hæfismat hefur hækkað. Orð og efndir fóru saman, áætlun ríkisstjórnarinnar um losun fjármagnshafta sem kynnt var í júní 2015 hefur gengið eftir að öllu leyti. Með þessu er lagður traustur grunnur að sókn á öðrum sviðum, ekki síst velferðarmálum.

Framsóknarflokkurinn fagnar stöðugleika í efnahagsmálum með viðsnúningi í fjármálum ríkissjóðs, lægri verðbólgu en sést hefur lengi og verulegri kaupmáttaraukningu fyrir fólkið í landinu. Á kjörtímabilinu hafa orðið til fjölmörg störf og stjórnvöld hafa aðstoðað fólk við að komast aftur út á vinnumarkaðinn með t.d. Virk starfsendurhæfingarsjóði. Með einföldun regluverks og skattkerfis hafa rekstrarskilyrði fyrirtækja batnað og þannig hefur einnig dregið verulega úr atvinnuleysi.

Framsóknarflokkurinn hefur í gegnum árin lagt áherslu á að blandað hagkerfi sé skynsamlegasta leiðin til að tryggja hagsæld fólksins í landinu. Íslenska hagkerfið þarf að vera stöðugt, gagnsætt og traust, og fyrirtækjum og einstaklingum búið starfsumhverfi þar sem frumkvæði, dugnaður og samfélagslegt réttlæti eru í hávegum höfð. Regluverk þarf að vera einfalt og skilvirkt. Skattaumhverfi einfalt, réttlátt og samkeppnishæft við önnur lönd. Stöðugt umhverfi er forsenda þess að einstaklingar og fyrirtæki geti gert langtímaáætlanir.

Losun fjármagnshafta var eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda á kjörtímabilinu. Undir forystu Framsóknarflokksins kynnti ríkisstjórnin áætlun um losun hafta í júní 2015. Sú áætlun byggir ekki síst á hugmyndafræði Framsóknarflokksins og hefur í öllum meginatriðum gengið eftir. Meginmarkmið áætlunarinnar var að varðveita stöðugleika og forgangsraða í þágu almennings og fyrirtækja í landinu. Senn mun almenningur í landinu að fullu njóta losunar hafta. Búið var svo um hnútana að krónan styrktist og verðbólga verið með minnsta móti. Kröfuhafar samþykktu mörg hundruð milljarða stöðugleikaframlög til ríkisins og aflandskrónueigendur fengu skýra valkosti.

Íslensk króna er framtíðargjaldmiðill landsins og því mikilvægt að treysta umgjörð hennar og stöðugleika. Við þær aðgerðir þarf, m.a. að horfa til þjóðhagsvarúðartækja þannig að í framtíðinni verði komið í veg fyrir óeðlilegar sveiflur á gengi gjaldmiðilsins sem leitt getur af sér eignabólur og grafið undan rekstrargrundvelli útflutningsatvinnugreina.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á gerð langtímaáætlana í ríkisfjármálum og sjálfbæran rekstur ríkissjóðs, að útgjöld haldist í hendur við tekjur. Hagstjórn þarf að vera ábyrg og ríkisfjármál öguð. Flokksþing fagnar sérstaklega þeim árangri sem náðst hefur á kjörtímabilinu með hallalausum rekstri ríkissjóðs og lækkun skulda.

Mikilvægt er að lækka skuldir ríkissjóðs enn frekar m.a. með aukinni verðmætasköpun þjóðarbúsins og með skynsamlegu aðhaldi í rekstri hins opinbera. Flokksþingið styður metnaðarfull markmið ríkisstjórnarinnar um lækkingu skulda enda er fjármunum betur varið til brýnni samfélagslegra verkefna en til greiðslu vaxta.

Framsóknarflokkurinn telur að ekki eigi að einkavæða samfélagslega mikilvæg ríkisfyrirtæki svo sem orkufyrirtæki og heilbrigðisstofnanir.

Framsóknarflokkurinn fagnar þeim umbótum sem gerðar hafa verið á skattkerfinu á kjörtímabilinu. Flokksþingið vill að haldið verði áfram á þeirri braut að einfalda skattkerfið og auka skilvirkni þess, landsmönnum og fyrirtækjum til hagsbóta. Ríkisstjórnin, undir forystu Framsóknarflokksins, studdi heildstæða úttekt á skattkerfinu sem sjálfstæð verkefnisstjórn sá um að framkvæma. Í tillögum verkefnisstjórnarinnar er meðal annars lagt til afnám samsköttunnar, hækkun barnabóta og að á þeim grundvelli, auk afnáms samsköttunnar, verði persónuafslátturinn útborganlegur. Með því er ætlunin að tryggja stuðning við þá sem þurfa mest á aðstoð að halda. Verði þessar tillögur að veruleika mun meginþorri skattgreiðenda búa við lægri skattprósentu en í dag og eru tillögur verkefnisstjórnarinnar því hvetjandi fyrir landsmenn.

Flokksþing styður raunhækkun persónuafsláttar.

Í tillögum verkefnisstjórnarinnar er einnig að finna tillögur um skattskil og eftirlit sem skynsamlegt er að hrinda í framkvæmd. Öflugt samstarf skattyfirvalda vinnueftirlits og Vinnumálastofnunar er einnig nauðsynlegt. Með nútímavæðingu skattalaga, s.s. laga um virðisaukaskatt og annað fjármagn og eflingu skatteftirlits er einnig tryggt að svört starfsemi þrífst mun síður og skerði þannig samkeppni.

Framsóknarflokkurinn telur að lág tekjuskattprósenta rekstraraðila sé mun líklegri til að bæta samkeppnishæfni, draga að erlenda fjárfesta, auka innlendar fjárfestingar, draga úr undanskotum og auka skatttekjur. Brýnt er að lækka tryggingargjald enn frekar en að stefnt enda átti hækkun þess að vera tímabundin ráðstöfun meðan atvinnuleysi væri hátt. Framsóknarflokkurinn vill einfalda atvinnuumhverfi smáfyrirtækja og gera það skilvirkara í lögum og reglugerðum.

Flokksþingið ályktar að fella eigi niður virðisaukaskatt á fötum og skófatnaði fyrir börn. Barnafatnaður er nauðsynjavara og útgjöld fjölskyldufólks vegna fatnaðar barna eru mikil og viðvarandi.

Flokksþingið telur ástæðu til þess að endurskoða erfðafjárskattinn enda er um að ræða margsköttun með nokkurra áratuga millibili.

Framsóknarflokkurinn telur sanngjarn og réttlátt að þeir sem njóta hárra tekna greiði meira til samfélagsins en þeir sem ekki eru í sömu stöðu. Flokksþing leggur því til að hátekjuskattur verði lagður á ofurlaun og ofurbónusa

Ályktun um viðskipta- og neytendamál

Heimilin eru undirstaða og drifkraftur þjóðfélagsins. Ríkisstjórnin, undir forystu Framsóknarflokksins hefur hlúð að heimilum landsins á markvissan hátt. Leiðréttingin er tímamótaaðgerð sem hefur bætt hag heimilanna í landinu og blásið krafti í íslenskt efnahagslíf. Fyrsta fasteign er rökrétt framhald af Leiðréttingunni og mun gera fjölda fólks kleift að eignast þak yfir höfuðið.

Landsbankinn verði í eigu þjóðarinnar með það að markmiði að þjóna samfélaginu sem best. Til að bregðast við fákeppni á bankamarkaði er nauðsynlegt að Landsbankinn hafi þann tilgang að bjóða góða þjónustu á bestu kjörum til að efla samkeppni í bankaþjónustu á landsvísu.

Neytendavernd á fjármálamarkaði verður að festa í sessi m.a. með virku eftirliti og aðhaldi gagnvart fjármálastofnunum. Tryggja þarf fjölbreytni, virka samkeppni og sjálfbærni á fjármálamarkaði. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að ráðist verði í róttæka uppstokkun á bankakerfinu. Framsóknarflokkurinn vill jafnframt að skoðaðir verði kostir og gallar þess að skýr skil verði gerð á milli viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi hér á landi. Tryggt verði dreift og gegnsætt eignarhald viðskiptabanka. Mikilvægt er að bankasýsla ríkisins annist eignarhald ríkisins í fjármálafyrirtækjum svo að sjónarmiða armslengdar sé gætt. Eandarleg ákvörðun um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum skal vera hjá Alþingi.

Framsóknarflokkurinn vill að sjóðsfélagar í lífeyrissjóðum kjósi stjórnir þeirra. Framsóknarflokkurinn fagnar þeim áformum að jafna lífeyrisréttindi en það hefur lengi verið baráttumál flokksins. Einstaklingar skulu hafa frelsi um hvar lögbundinn lífeyrissparnaður þeirra er ávaxtaður hjá viðurkenndum aðilum. Slík framkvæmd eykur lýðræði félagsmanna og mun ásamt innbyrðis samkeppni vörsluaðila lífeyrissparnaðar bæta gæði kerfisins og minnka hættu á varhugaverðum hagsmunatengslum. Þá er stjórnarseta fulltrúa lífeyrissjóða í þeim fyrirtækjum sem fjárfest hefur verið í varhugaverð enda getur hún valdið hagsmunaárekstrum.

Virk samkeppni á markaði leiðir til betri þjónustu og hagstæðari kjara fyrir neytendur. Samkeppnisumhverfi þarf að vera heilbriggt og vernd neytenda öflug. Fákeppni og samþjöppun er staðreynd í mörgum mikilvægum atvinnugreinum. Takmarka verður stærð ráðandi aðila. Samkeppniseftirlitið þarf að vera öflugt svo það geti fylgst með því að samkeppni sé virk og eðlileg á hverjum tíma.

Framsóknarflokkurinn telur nauðsynlegt að gera heildarúttekt á löggjöf um neytendavernd og neytendarétt og hvernig megi styrkja stöðu íslenskra neytenda.

Framsóknarflokkurinn vill að stjórnvöld geri úttekt á fyrirkomulagi peningamyndunar og mögulegum umbótum á því samanber þingsályktunartillögu Frosta Sigurjónssonar og fleiri þingmanna sem liggur fyrir Alþingi. Skoða þarf kosti þess að færa peningamyndun alfarið til Seðlabankans.

Ályktun um atvinnumál, landbúnað og sjávarútveg

Atvinna er undirstaða vaxtar og velferðar. Framsóknarflokkurinn fagnar fjölgun um rúmlega 15.000 störf í tíð ríkisstjórnar undir forystu Framsóknarflokksins og telur flokkurinn það forgangsverkefni að fjölga störfum í landinu enn frekar, ekki síst sérfræðistörfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki gegna þar lykilhlutverki. Hlutverk ríkisins er fyrst og fremst að skapa hagstæða umgjörð um atvinnulífið, meðal annars með einföldun skattkerfis og regluverks atvinnurekstrar. Koma þarf í veg fyrir að fyrirtæki búi við íþyngjandi kröfur sem ekki þjóna tilgangi sínum. Framleiðni hér á landi er lægri en í nágrennanalöndum okkar. Hana þarf að auka og þar með eykst hagkvæmni hagkerfisins. Fyrirtæki eru hluti af samfélaginu og þurfa að sýna samfélagslega ábyrgð.

Mikilvægt er að gefa sem flestum tækifæri á að nýta starfskrafta sína með viðeigandi hætti. Samfélagslegur ávinningur er mikill þar sem félagsleg vandamál eru minni við eðlilega atvinnuþátttöku. Auka þarf samvinnu og skilvirkni á milli stofnana sem annast þjónustu við atvinnuleitendur. Fólki verði gefinn kostur á að hafa sveigjanleg starfslok.

Framsóknarflokkurinn vill hækka menntunarstig á innlendum vinnumarkaði. Tryggja þarf tengsl skóla við atvinnulífið strax á fyrri stigum grunnskólans og byggja brú á milli skóla og atvinnulífsins meðan á námi stendur. Þá skal stefnt að því að auðvelda ungu fólki aðgengi að vinnumarkaði eftir að það lýkur námi. Auka þarf samvinnu stofnana sem annast þjónustu við atvinnuleitendur.

Framsóknarflokkurinn vill efla rannsóknir á þörfum atvinnulífsins meðal annars með því að greina menntunarþörf, mannaflaspár og vinnumarkaðsrannsóknir. Jafnframt er mikilvægt að auka samstarf þeirra aðila sem vinna að rannsóknum á þessu sviði.

Yfirfara þarf reglur sem gilda um lífeyrisréttindi í því skyni að tryggja að atvinnuþátttaka eldri starfsmanna á vinnumarkaði verði til þess að lífeyrisréttindi viðkomandi skerðist ekki.

Framsóknarflokkurinn vill einfalda atvinnuumhverfi smáfyrirtækja og gera það skilvirkara í lögum og reglugerðum.

Landbúnaður

Landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein á Íslandi. Fæðu og matvælaöryggi skiptir allar þjóðir miklu máli, ekki síst eyþjóðir eins og Ísland. Framsóknarmenn leggja áherslu á að efla beri innlenda matvælaframleiðslu, auka innlenda neyslu og auka útflutning. Aukin neysla á innlendri matvöru og aukin útflutningur bæði spara útgjöld í erlendum gjaldeyri og auka tekjur. Hvetja þarf til nýsköpunar í öllum greinum landbúnaðarins og tryggja að regluverk hamli henni ekki. Áhersla sé lögð á að tryggja fjölskylduvænan landbúnað og að nýliðun í greininni sé tryggð.

Flokksþingið fagnar nýsamþykktum búvörusamningum. Með þeim er fyrirsjáanleiki tryggður og greinin geti fjárfest í samræmi við þau markmið sem stjórnvöld setja, m.a. til að mæta mikilli eftirspurn eftir kjöt- og mjólkurvörum.

Huga verður að því að auka milliríkjavíðskipti með landbúnaðarvörur. Það skal gera með gagnkvæmum samningum, þar sem mið er tekið af stærð markaða. Tollvernd skal vera önnur tveggja meginstoða í stuðningi yfirvalda við landbúnaði líkt og hjá flestum fullvalda ríkjum og ríkjasamböndum. Einhliða niðurfelling tolla kemur ekki til greina.

Gera verður kröfu um að gæði verði ávallt höfð að leiðarljósi við framleiðslu matvæla. Heilbrigði íslensks búfjár er verðmæti sem verður að varðveita. Innlendir dýrastofnar eru lausir við marga sjúkdóma sem herja á dýr í nágrannalöndum. Lyfja- og eiturefnanotkun við matvælaframleiðslu á Íslandi er með því minnsta sem þekkist í heiminum. Draga þarf markvisst fram sérstöðu íslenskrar framleiðslu með áherslu á rekjanleika, heilnæmi og gæði.

Gera þarf kröfu um að þeir sem flytja inn kjöt upplýsi neytendur um magn vaxtahvetjandi lyfja, hormóna og sýklalyfja sem valdið geta sýklalyfjaópoli í mönnum. Neytendur eiga rétt á að vita við hvaða aðstæður og aðbúnað matur, innlendir sem útlendir, er framleiddur. Tryggja þarf að ekki sé flutt inn kjöt af dýrum sem alin eru við lakari aðstæður, en kröfur eru gerðar um hér á landi. Skýra kröfu verður að gera um upprunamerkingar á öllum matvælum.

Lögð skal áhersla á að dýravelferð sé ávallt í hávegum höfð við alla matvælaframleiðslu. Tryggja þarf þjónustu dýralækna um allt land. Áfram verði stutt við þróun varðandi lífræna framleiðslu. Leggja skal aukna rækt við innlenda fóðurframleiðslu.

Sjávarútvegur

Auðlindir hafsins eru sameign íslensku þjóðarinnar. Sjávarútvegur er ein af grundvallar atvinnugreinum þjóðarinnar og þýðing hans fyrir efnahag landsins er ótvíræð. Gæta verður þess að stoðir hans séu tryggar. Huga verður að nýliðun í sjávarútvegi og efla nýsköpun og tækifæri hennar.

Mikilvægt er að sjávarútvegurinn uppfylli þau þrjú skilyrði sem sett voru í lög um stjórn fiskveiða til þess að um hann ríki sátt. Í fyrsta lagi að auðlindin sé nýtt á sjálfbæran hátt, í öðru lagi að nýting auðlindarinnar sé arðbær og geti skilað arði til þjóðarinnar og í þriðja lagi að treysta atvinnu og byggð um land allt.

Framsóknarflokkurinn vill að sveitarfélög hafi forkaupsrétt á aflahlutdeild sem selja á úr sveitarfélaginu.

Byggðaúrræði fiskveiðistjórnunarkerfisins þarf að nýta áfram á ábyrgan hátt. Þau 5,3% aflaheimilda sem ríkið hefur árlega til afnota til atvinnu-, félags- og byggðaúrræða þurfa að vera markvisst nýtt til að tryggja byggðafestu. Sveitarfélögum á að vera tryggður réttur til að ganga inn í sölu aflahlutdeilda frá byggðarlaginu. Standa skal vörð um strandveiðar í kringum landið til hagsbóta fyrir byggðir.

Fagna ber uppbyggingu fiskeldis með hliðsjón af störfum sem það skapar. Aukinn áhugi er fyrir fiskeldi víða um land á næstu árum miðað við áætlanir fyrirtækja í greininni. En það sem fiskeldi getur verið ógn við náttúrulegt lífríki laxfiska og alls umhverfis eldisstöðva verður að

vanda vel til alls undirbúnings og efla kröfur til þeirra aðila sem fá leyfi fyrir frekara eldi laxfiska. Við uppbyggingu fiskeldis er mikilvægt að lágmarka áhrif starfseminnar á lífríkið.

Lögsetja þarf fyrirkomulag strandsvæðaskipulags og ljúka framkvæmd burðaðpolsrannsókna sem fyrst á þeim svæðum þar sem uppbygging fiskeldis er fyrirhuguð. Einungis á grundvelli slíkrar vinnu er hægt að skipuleggja nýtingu og verndun strandsvæða til framtíðar og þá hugsanlega veita ný eldisleyfi. Samrýma þarf reglur hér á landi og t.d. í Noregi við leyfisveitingar því ljóst er að því betur sem staðið er að upphafinu, því betur mun reynast til langs tíma.

Jafnframt þarf að auka rannsóknir á fiskeldi, sérstaklega eldi á ófrjóum stofnum, sem ekki geta tímgastr við náttúrulega stofna eftir slyssaleppingar. Þá þarf að styrkja verulega eftirlitskerfi með starfseminni bæði hvað varðar búnað og heilbrigði. Slíkt eftirlit skal framkvæmt af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitafélags. Slíkar breytingar eru ekki síst í þágu þeirra er eldið stunda.

Ályktun um iðnaðar- og orkumál

Ísland er auðugt af hreinum og endurnýjanlegum orkuauðlindum, auk vatns- og jarðvarma sem fólkið í landinu hefur notið góðs af á margvíslegan hátt. Nýir sprotar hafa sprottið upp og vaxið í skjóli þessara auðlinda. Má þar nefna upplýsingatækni en gagnaver eru áhugaverð birtingarmynd hennar. Í gegnum tíðina hefur Framsóknarflokkurinn stutt ötullega við nýsköpun og er það eindreginn vilji flokksmanna að svo verði áfram. Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að sérstaklega verði ýtt undir nýsköpun og fjárfestingu þar sem um er að ræða verkefni og iðnað sem byggja á sjálfbærni og fullvinnslu hráefnis.

Landsvirkjun er eitt af fjöreggjum þjóðarinnar og mun gegna lykilhlutverki í nýtingu hreinna og endurnýjanlegra orkugjafa til framtíðar til hagsældar fyrir íslenska þjóð. Því kemur ekki til greina að einkavæða hana eða selja að hluta né framkvæmdir á hennar vegum. Framsóknarflokkurinn telur brýnt að þjóðin fái að njóta ávaxta af starfsemi Landsvirkjunar.

Framsóknarflokkurinn kvikar ekki frá þeirri stefnu sinni að tækifæri til olú- og gasvinnslu á Drekasvæðinu verði könnuð til hlítar og hagnýtt, gefi rannsóknir tilefni til þess. Komi til vinnslu skal gæta ýtrustu varúðar í umhverfismálum enda eiga Íslendingar mikið undir auðlindum hafsins. Hefja skal undirbúning að stefnumörkun um umhverfismál og uppbyggingu innviða í tengslum við olíuleit og vinnslu enda er ljóst að talsverð umsvif fylgja ef af verður. Tryggja þarf að sanngjarnt gjald renni til þjóðarinnar vegna nýtingar olíuauðlindanna.

Framsóknarflokkurinn hafnar öllum hugmyndum um útflutning á raforku.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að orka framleidd á Íslandi skuli nýtt til verðmætarsköpunar innanlands. Öflugur iðnaður er undirstaða búsetu og verðmætasköpunar. Eðlilegt er að horft verði til arðsemi af framleiðslu og flutningi raforku í samhengi.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á þann mikilvæga ávinning sem hlotist hefur af raforkunýtingu í fyrirtækjum á Íslandi og að staðið sé vörð um samkeppnishæfni þeirra. Tryggja þarf samkeppnishæft orkuverð á Íslandi í alþjóðlegu samhengi.

Flutningskerfi raforku er ein af lykilstoðum innviða í landinu og þjónar bæði almenningi og fyrirtækjum. Aðgengi að raforku er mikilvægur þáttur í samkeppnishæfni atvinnulífs alls staðar á landinu. Dreifikerfi raforku verði þriggja-fasa. Endurskoða þarf og semja nýja áætlun um frekari umbætur og styrkingu varafis á þeim landsvæðum sem búa við skert afhendingaröryggi. Hringtengingum verði komið upp á sem flestum svæðum og flýtt verði almennri uppbyggingu kerfisins eins og kostur er. Tryggja skal að nýtt háspennu dreifikerfi falli sem best að umhverfi sínu hverju sinni og framkvæmdirnar verði afturkræfar.

Jarðhitaleit eru umfangsmiklar framkvæmdir sem oft á tíðum eru of áhættu- og kostnaðarsamar fyrir lítil sveitarfélög. Á sama tíma er slík leit mikið hagsmunamál fyrir byggðir landsins. Orkusjóður veitir fjármagn til slíkrar leitar og nauðsynlegt að tryggjan honum nægjanlegt fjármagn. Mikilvægt er að tryggja sjóðnum nauðsynlega fjármuni svo sveitarfélögin á landsbyggðinni geti ráðist í slíkar framkvæmdir.

Framsóknarflokkurinn leggur ríka áherslu á nýsköpun í öllum atvinnugreinum. Flokksmenn eru hlyntir því að veita tímabundnar skattvæðingar til nýsköpunar en auk þess kemur til greina að veita einstaklingum samsvarandi skattaávilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Slík félög skapa atvinnu auk þess að renna styrkari stoðum undir atvinnu- og efnahagslíf framtíðarinnar, sér í lagi verða til verðmæt störf framtíðarinnar.

Ályktun um ferðapjónustu

Ferðapjónusta er orðin ein meginstoðin í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Ævintýrlegur vöxtur hefur verið í greininni á liðnum árum en skort hefur á að honum hafi verið fylgt eftir með m.a. viðleitni til að dreifa álagi af völdum ferðamanna og hlúa að viðkvæmum ferðamannastöðum. Innheimta skal komugjald farþega strax á næsta ári með það að markmiði að vernda náttúruna og tryggja nauðsynlega uppbyggingu viðkvæmra ferðamannastaða. Stýra þarf álagi á fjölmennustu ferðamannastaði landsins.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að opnaðar verðir nýjar gáttir í millilandaflugi til og frá Íslandi. Með opnun nýrra gátta verði horft sérstaklega til vetrarferðamennsku og lengingu ferðamannatímabilsins, ásamt því að ferðamannastraumnum og álagi verður betur stýrt um landið. Geta þjóðarinnar til að taka á móti fleiri ferðamönnum eykst og atvinnusköpun í ferðapjónustu verður traustari víðar um landið.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að stutt verði við vöxt ferðapjónustunnar með áherslu á mikilvægi menntunar sem nýtist greininni og aukin þjónustugæði sem henni fylgja. Jafnframt þarf að styrkja faglegan grunn og stefnumótun greinarinnar með aukinni áherslu á rannsóknir, tölulegar upplýsingar, kannanir og spár en í dag er mjög lágu hlutfalli af opinberu rannsóknarfé atvinnuveganna varið til rannsókna á sviði ferðapjónustu. Íslandsstofu verði falið að miðla þeim upplýsingum til viðkomandi fagaðila. Nauðsynlegt er að öryggis og neyðarþjónusta verði elfd í samvinnu við almannaavarnir, björgunarsveitir landsins og upplýsingamiðstöðva og því fylgi fjármagn til verkefnisins. Í áhættusömum óbyggaferðum verði ferðalangar tryggðir.

Framsóknarflokkurinn telur nauðsynlegt að samræma skattaumhverfi ferðapjónustunnar og að afnema beri þau undanþáguákvæði sem snúa að aðilum í ferðapjónustu.

Jafna þarf tekjustreymi af ferðapjónustu til opinberra aðila en í dag renna nær allar tekjur sem hið opinbera fær af ferðamönnum í ríkissjóð í gegnum virðisaukaskatt, bensíngjöld, leyfisgjöld, gjöld af flugumferð o.s.frv. Tekjur sveitarfélaga koma að mestu leyti í gegnum fasteignagjöld og útsvar af tekjum starfsmanna sem starfa í ferðapjónustu á meðan kostnaður sveitarfélaga af ferðamönnum er töluverður. Sveitarfélögin þurfa oft að bera mikinn kostnað vegna uppbyggingar og reksturs ferðamannastaða en tekjurnar eru oft takmarkaðar og óbeinar. Það þarf því að tryggja jafnari tekjuskiptingu milli opinberra aðila tryggir að uppbygging ferðapjónustu getur átt sér stað vítt og breytt um landið.

Mikilvægt er að bæta kynningar í ferðapjónustu sem stuðlar að bættu öryggi ferðamanna.

Íslenskur matur og ferðamenn

Flokksþingið fagnar því að ríkisstjórnin undir forystu Framsóknarflokksins hafi samþykkt að verja 80 milljónum króna í fimm ár í verkefni undir heitinu „Matvælandið Ísland“. Samtals 400 milljónir króna. Vaxandi eftirspurn eftir matvælum á heimsvísu og fjölgun ferðamanna til Íslands skapa fjölda tækifæra til að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Tekjur af erlendum ferðamönnum aukast með auknum fjölda en hægt er að auka verðmætasköpunina enn

frekar með því að nýta tækifæri sem byggjast á áhuga fólks að upplifa og njóta afþreyingar á matarhefðum, kynnast framleiðslu og uppruna, sögu og hefðum íslenskrar matvælaframleiðslu. Matvælaframtíð Ísland á að hafa jákvæð áhrif á land og þjóð. Með fjölgun starfa um land allt, nýjum íbúum og þannig aukinni byggðafestu, auknum gjaldeyristekjum, mun fjármagn ríkisins til verkefnisins, Matvælaframtíðs Íslands, skila sér með margvíslegum hætti til baka í ríkissjóð.

Íslensk náttúra og ferðamenn

Íslensk náttúra er eitt helsta þjóðarinnar og því forgangsmál að efla aðgerðir á ferðamannasvæðum svo að náttúran spillist ekki við álag í kjölfar ferðaþjónustu. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur sett fram framkvæmdaáætlun um uppbyggingu innviða sem eru nauðsynlegar til að hlúa að náttúrunni og í senn að dreifa álagi ferðamanna.

Leggja þarf áherslu á stjórnunar- og verndaráætlanir sem fjallar m.a. um landvörslu, vöktun, uppbyggingu og fræðslu. Jákvæð ímynd landsins byggist á upplifun sem tengist hreinleika og sérkennum þess. Skólp og fráveitumál eru grundvallarumhverfismál og taka þarf tillit til álags og verndargildis svæðanna.

Ályktun um velferðarmál

Jafnt aðgengi að öflugri velferðarþjónustu er einn af hornsteinum stefnu Framsóknarflokksins. Framtíð velferðar í hugum framsóknarmanna byggir á því að ætíð sé til staðar samfélagslegt öryggisnet sem byggir á grunngildum framsóknarstefnunnar um samvinnu, sjálfsábyrgð, lýðræði, sanngirni, jafnrétti og samfélagslega ábyrgð, þar sem manngildi er ætíð sett ofar auðgildi. Framsóknarmenn fagna því að ríkisstjórnin undir forystu flokksins hefur sett velferðarmál í forgang m.a. með auknu fjármagni til málaflokksins umfram verðlagsbreytingar. Á næsta kjörtímabili þarf að halda uppbyggingu velferðarkerfisins áfram, sér í lagi uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.

Framsóknarmenn fagna því að ríkisstjórnin undir forystu Framsóknarflokksins hefur snúið frá samdrætti fyrra kjörtímabils. Forsenda velferðarinnar er og verður ávallt verðmætasköpun í atvinnulífnum. Huga ber sérstaklega að stöðu þeirra hópa, sem minna mega sín í samfélaginu. Allir þegnar þjóðfélagsins eiga að njóta jafnræðis, óháð fötlun eða skertri færni. Framsóknarmenn fagna því að nú hefur samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks loks verið samþykktur. Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að efla samvinnu stofnana sem sinna félags-, heilbrigðis- og skólamálum.

Framsóknarmenn telja að standa þurfi vörð um hagsmuni barna með því að hafa lögbundna þjónustu gjaldfrjálsa. Gæði grunnþjónustu verði tryggð og ekki dregið úr þjónustu sem skapast hefur hefð fyrir að veita. Jafnframt skal sértæk þjónusta vera aðgengileg fyrir hópa með sérþarfir, t.d. vegna fötlunar eða heilsubreysts.

Framsóknarflokkurinn telur að frjáls félagasamtök gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu. Þau beri að efla enn frekar m.a. með skattaafslætti og aukinni samvinnu við stjórnvöld um verkefni á velferðarsviði sem og öðrum sviðum.

Framsóknarflokkurinn fagnar framkomnum tillögum nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins og hvetur til þess að þær verði vegvísir til framtíðar í málefnum aldraðra og öryrkja. Framsóknarflokkurinn hvetur til þess að stuðningur eða bætur byggji á stöðu einstaklingsins óháð hjúskaparstöðu og styðji þannig fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga.

Framsóknarmenn fagna starfi ráðherranefndar forsætisráðherra um lýðheilsu, þar sem stórt skref var stigið í átt að því markmiði að huga að áhrifum allra stjórnvaldsaðgerða á heilsu og líðan almennings. Alþjóða heilbrigðisstofnunin og Embætti landlæknis þóttu stofnun nefndarinnar til fyrirmyndar. Stjórnvaldsaðgerðir hafa mikla þýðingu við að skapa heilsueflandi umhverfi hér á landi til að vinna jöfnum höndum að félagslegu réttlæti, heilsu og hamingju fólks.

Framsóknarflokkurinn fagnar nýrri lýðheilsustefnu og aðgerðum sem miðast við að bæta heilsu og líðan barna og ungmenna að 18 ára aldri, þar sem markmiðið er að fjölga heilsueflandi samfélögum, auka fræðslu til foreldra um uppeldi og auka fræðslu um mikilvæga lýðheilsulega þætti eins og hreyfingu, mataræði og slökun.

Ýmsir lífsstílstengdir sjúkdómar eru stærsta vandamál þjóða heimsins. Mikilvægt er að leggja áherslu á heilbrigða lífshætti. Mikilvægt er að innleiða lýðheilsustefnu á vinnustaði, sem og starf lýðheilsufulltrúa til að aðstoða starfsmenn og vinnustaði við að skapa lýðheilsusamlegt vinnuumhverfi. Skattastefnan taki mið af lýðheilsu og hollustu.

Farmsókarflokkurinn telur að það sé hlutverk stjórnvalda að skapa aðstæður til að auðvelda fólki að efla heilsu sína. Mikilvægt er að lýðheilsumat verði innleitt og að allar stjórnvaldsákvæðanir verði metnar út frá því hvaða áhrif þær hafa á heilsu. Framsóknarmenn vilja skýra stefnu í heilsbrigðismálum og að fjármagn ríkisins til heilbrigðisþjónustunnar verði skilgreint þannig að ljóst sé hvernig viðkomandi heilsbrigðisstofnunum ber að nýta það. Mikilvægt er að auka þjónustu við sjúklinga, auka gæði og lækka kostnaðarpáttöku.

Framsóknarflokkurinn vekur athygli á því að Íslendingar lifa lengur en áður og því er mikilvægt að vel sé hugað að aðbúnaði eldra fólks. Ekki er fullnægjandi að bjóða upp á heilbrigðisþjónustu heldur þurfi þessi hópur einnig að fá viðeigandi félags-, tómsunda- og íþróttatengda þjónustu, sem efli líkamlega og andlega líðan síðustu ævírin.

Heilbrigðismál

Áfram skal stefnt að því að íslenska heilbrigðiskerfið verði í fremstu röð og að ávallt verði í boði eins góð heilbrigðisþjónusta og mögulegt er. Flokksþingið hvetur til þess að nýleg úttekt á starfsemi Landspítalans verði höfð að leiðarljósi við stefnumörkun í málaflökknum en þar kemur m.a. fram að fjármuni megi nýta með mun betri hætti en nú er gert. Framsóknarflokkurinn telur ástæðu til þess að efla þjónustu heilsugæslunnar enda er það fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. Þá verður að leggja meiri áherslu á menntun starfsmanna framtíðarinnar í heilbrigðiskerfinu, m.a. með auknum framlögum til heilbrigðisviða háskólanna.

Framsóknarmenn fagna áherslu ríkisstjórnarinnar undir forystu flokksins á heilbrigðismál en gjalda varhug við auknum einkarekstri. Aldrei áður hefur jafn miklu fjármagni verið varið til Landspítalans en árið 2016 auk þess að árlegt framlag til tækjakaupa hefur aukist myndarlega. Fagna ber að áfram sé stefnt að því að efla og bæta íslenskt heilbrigðiskerfi út um allt land. Sérstaklega er bent á að í nágrenni Reykjavíkur eru vannýtt sjúkrahús sem gætu með bættu skipulagi og auknum fjárheimildum komið að gagni við að eyða biðlistum eftir einfaldari aðgerðum.

Framsóknarflokkurinn telur brýnt að byggja nýjan Landsspítala.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að sjúkrahótel séu starfandi í Reykjavík og á Akureyri.

Framsóknarflokkurinn vill leggja áherslu á að komið verði á góðri aðstöðu til fjarlækninga á milli landsbyggðarinnar og þeirra staða sem veita sérfræðiþjónustu.

Framsóknarmenn vilja heilbrigðisþjónustu sem tryggir sem jafnast aðgengi óháð búsetu og að öflug heilsugæsla sé fyrsti viðkomustaður. Þannig þarf að efla nærpjónustuna óháð búsetu. Mikilvægt er að styrkja heilsugæslustöðvar, efla heimilslæknakerfið og auka sérfræðiþjónustu. Leiðréttu þarf þá mismunun sem er í þjónustu á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins til dæmis í geðheilbrigðisþjónustu. Sérstaklega þarf að taka til endurskoðunar greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga fólks á landsbyggðinni sem leita þarf sérfræðiþjónustu á milli landshluta. Gera þarf áttak í þjónustu sálfræðinga og geðlækna um allt land. Auka má þjónustu sérfræðinga á landsbyggðinni með því að sérfræðingateymi sem send eru reglulega út á landsbyggðina til að veita landsmönnum þjónustu nær heimabyggð. Framsóknarmenn vilja auka möguleika í dreifðum byggðum á fjarþjónustu í heilbrigðismálum.

Framsóknarmenn fagna þeim árangri sem náðst hefur við mótun geðheilbrigðisstefnu. Fagna ber frumkvæði Framsóknarflokksins í því að efla forvarnir, skimun og leggja áherslu á greiningu og þrepaskipta meðferð með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að þjónusta sálfræðinga verði niðurgreidd eins og önnur heilbrigðisþjónusta.

Framsóknarmenn fagna því að þátttaka einstaklinga í lyfjakostnaði hafi minnkað með aukinni greiðsluþátttöku ríkisins. Brýnt er að greina vanda þess hóps öryrkja og ellilífeyrisþega sem býr við þungan lyfjakostnað og gera sérstakar ráðstafanir til að hópurinn geti ráðið við lyfjakostnað sinn. Þar má t.d. benda á hugmyndir um að fella niður virðisaukaskatt af lyfjum. Einnig þarf að gaumgæfa þá möguleika sem fyrir hendi eru til lyfjakaupa í félagi með öðrum þjóðum og nýta þá.

Framsóknarmenn vilja að tannlækningar allra barna undir 18 ára svo og aldraðra og öryrkja verði greiddar að fullu af Sjúkratryggingum Íslands sem væri stórt skref í tannheilbrigði landsmanna.

Málefni aldraðra

Við Íslendingar erum með langlífustu þjóðum heims. Það er m.a. þeim áherslum að þakka sem Framsóknarflokkurinn hefur haft í gegnum árin. Á næstu áratugum munu öldruðum fjölga umfram aðra aldurshópa. Þá breytingu þarf að undirbúa til að tryggja að aldraðir eigi öruggt ævikvöld og kost á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Við gerum þá kröfu að aldraðir njóti virðingar, jafnræðis og sanngirni og að þeim sé gert mögulegt að taka virkan þátt í samfélaginu.

Auka þarf atvinnuþátttöku með hækkun ellilífeyrisaldurs í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins, sem varðar sveigjanleg starfslok, til þess að lífeyrisréttindi viðkomandi skerðist ekki. Leggja á meiri áherslu á tómsundapjónustu og félagslega samveru.

Framsóknarmenn hafa áhyggjur af vangoldnum skuldbindingum ríkissins gagnvart opinbera lífeyriskerfinu. Jafnframt þarf að jafna lífeyrisréttindi landsmanna.

Mikilvægt er að aldraðir geti búið sem lengst á eigin heimilum með öflugum stuðningi heimaþjónustu og heimahjúkrunar, efla þarf samstarf ríkis og sveitarfélaga til að þetta sé raunhæfur möguleiki. Lögð verði áhersla á kvöld-, nætur- og helgarþjónustu, dagvistunarræði og skammtímadvöl, jafnframt því sem unnið verði að nýsköpun og eflingu tæknilausna á þessu sviði. Þess verði gætt að maki aldraðs lasburða einstaklings einangrist ekki vegna umönnunar hans.

Framsóknarmenn fagna auknum fjármunum til að bæta stöðu minni hjúkrunarheimila. Um er að ræða heimili með 20 eða færri hjúkrunarrými og langflest þeirra eru á landsbyggðinni. Bent er á árangur minni sveitarfélaga sem náð hafa góðum árangri í málafloknum með sameiningu verkefna málaflokksins á einum stað.

Efla þarf Framkvæmdasjóð aldraðra til uppbyggingar hjúkrunarheimila og dagvistarúrræða og tryggja jafnframt rekstrargrundvöll þeirra. Tryggja þarf fjáhagslegt sjálfstæði og góðan aðbúnað heimilismanna m.a. standi til boða sérþýli.

Flokkspingið vill tryggja að lífeyrir almannatrygginga til aldraðra taki breytingum í samræmi við lágmarkslaun og verði kr. 300.000 í lok árs 2017. Taka skal tillit til húsnæðiskostnaðar lífeyrisþega við greiðslur Tryggingastofnunar. Mjög ríður á að framlagt frumvarp húsnæðis og félagsmálaráðherra um breytingu á málefnum aldraðra verði afgreitt fyrir þinglok.

Málefni fjölskyldna og barna

Fjölskyldan í fjölbreyttri mynd er grunnur íslensks samfélags. Við fögnum sérstaklega þeirri vinnu sem nú er í gangi við að móta heildstæða fjölskyldustefnu á Íslandi undir forystu Framsóknarflokksins.

Framsóknarflokkurinn vill að umgengnisforeldri fái greiddan skattaafslátt með hverju greiddu meðlagi. Skilgreina bera ástæðulausar umgengnistálmanir sem ofbeldi í lögum og brot þess efnis verði sjálfkrafa barnaverndarmál.

Framsóknarflokkurinn telur að áfram eigi að byggja á faglegum og vísindalegum niðurstöðum í lýðheilsumálum og hafnar því að áfengi sé selt í matvöruverslunum.

Framsóknarmenn fagna hækkun barnabóta á kjörtímabilinu og að samþykkt hafi verið hækkun á tekjuskerðingarhlutföllum. Greiðslur úr ríkissjóði vegna barnabóta hafa hækkað verulega vegna þessa.

Framsóknarflokkurinn vill auka fræðslu um skaðsemi ávana- og fíkniefna. Mikilvægt er að auka fræðslu og forvarnir meðal foreldra, í skólum og íþrótt- og tómstundafélögum. Endurvekja þarf jafningjafræðslu sem gaf góða raun. Horft verði heildstætt til fjölskyldna þegar barn lendir í vanda vegna fíkniefna. Foreldrum standi til boða stuðningur m.a. til að standa straum af kostnaði sem til fellur en lendir utan almannatryggingakerfisins. Samræmi verði í úrræðum ríkisstofnanna þegar kemur að vanda barna með fjölþættan vanda.

Framsóknarflokkurinn vill auka fræðslu um uppeldismál. Hvatt er til þess að nýbökuðum foreldrum um land allt gefist kostur á fræðslum um uppeldisaðferðir sem m.a. leiða til jákvæðrar sjálfsmyndar barna og ungmenna.

Framsóknarflokkurinn vill efla fræðslu til starfsmanna í leik- og grunnskólum vegna tilkynningarskyldu í barnaverndarmálum, skipt getur sköpum í lífi einstaklings ef gripið er inn í nógu fljótt.

Framsóknarmenn fagnar framkomnum tillögum um lengingu fæðingaorlofs og hækkun á hámarksþaki. Mikilvægt er að stuðla að því að sveitarfélögin geti boðið upp á leikskóla strax að loknu fæðingarorlofi þannig að samfella verði tryggð í umönnun barna. Brýnt er að leikskólar séu mannaðir fagfólki.

Framsóknarmenn vilja að foreldrar sem þurfa að dvelja fjarri heimili sínu vegna fæðingar barns fái styrk úr fæðingaorlofssjóði til að mæta þeim tíma þannig að fæðingaorlof sé nýtt í þágu barns að lokinni fæðingu.

Jafnréttismál

Jafnrétti er eitt af grunnstefum samvinnu- og framsóknarstefnunnar. Nálgast verður jafnrétti sem mannréttindamál. Jafnrétti snýst um mannréttindi. Mikilvægt er að það sé bannað að mismuna eftir kyni, aldri, fötlun, kynhneigð, kynvitund, trú eða stöðu að öðru leyti.

Flokksþingið áréttar að Framsóknarflokknum beri að ganga á undan með góðu fordæmi í jafnréttismálum og fagnar fjölda kvenna á framboðslistum flokksins fyrir Alþingiskosningar 2016.

Jöfn laun karla og kvenna er forgangsmál því að kynbundinn launamunur er ein versta birtingarmynd kynjamismunar og honum verður að eyða. Einnig vill Framsóknarflokkurinn „bleika skattinn“ burt.

Almenn félagsþjónusta

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa ásamt því að stuðla að velferð íbúa þeirra á grundvelli samhjálpur.

Nauðsynlegt er að tryggja sambærilega þjónustu um land allt. Þjónustan skal vera í boði fyrir alla íbúa og meta á þörf í hverju tilviki og jafnræðis skal gætt við úthlutun þjónustunnar. Þá skal tryggt að sveitarfélögin hafi burði til að veita þá þjónustu sem þeim er skylt að gera lögum samkvæmt.

Húsnæðismál

Framsóknarmenn hafa lagt áherslu á að landsmenn búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins og hafi raunverulegt val um búsetuform. Fagna ber þeim

lagabreytingum sem unnið hefur verið að í málaflokknum sem munu leiða til byltingar í framboði á ódýru leiguhúsnæði. Framsóknarflokkurinn er hreykinn af þeim árangri sem náðst hefur á kjörtímabilinu í húsnæðismálum þar sem tryggt hefur verið húsnæðisöryggi allra landsmanna. Við erum stolt af af þeim árangri sem náðst hefur í viðsnúningi í rekstri Íbúðarlánasjóðs. Mikilvægt er að Íbúðalánasjóður verði áfram öryggisnet á lánamarkaði og stuðli þannig að jöfnum tækifærum og kjörum landsmanna hvar sem þeir búa.

Flokksþingið fagnar aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um „Fyrstu fasteign“ sem er rökrétt framhald „Leiðréttingarinnar“ og mun gera fjölda fólks kleift að eignast þak yfir höfuðið. Framsóknarflokkurinn fagnar áherslu ríkisstjórnarinnar á að ríkið sé þátttakandi á húsnæðislánamarkaði enda munu einkaaðilar ekki sinna öllum þörfum markaðarins. Sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki með uppbyggingu leiguíbúða og því er fagnað að slíkri uppbyggingu hafi verið flýtt.

Framsóknarmenn vilja fagna breyttum reglum um húsaleigubætur þannig að aðilar sem leigja velja það að deila íbúðum eigi báðir rétt á húsaleigubótum.

Ályktun um mennta- og menningarmál

Menntamál

Íslenska menntakerfið er ein af grunnstoðum samfélagsins. Framsóknarflokkurinn leggur ríka áherslu á að styrkja það og efla með hagsmuni nemenda sem og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi. Mikilvægt er að skólastarf þrói með nemendum jákvæða sjálfsmynd og sjálfstæði, samkennd, samfélagsvitund, ábyrgð og samvinnu, ásamt því að búa nemendur að öðru leyti undir þátttöku í atvinnulífinu.

Framsóknarflokkurinn vill standa vörð um öflugt menntakerfi er leiðir til hærra menntunarstigs þjóðarinnar, m.a. með aukinni fjölbreytni námsleiða þannig að ólíkum þörfum nemenda sé mætt og að styrkleiki hvers og eins fái notið sín. Lykillinn að vel menntuðu samfélagi er góðir skólar og öflugir og góðir kennarar. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að stjórnvöld virði sérkenni ólíkra skólastiga og efla starfsemi þeirra á þeim grunni. Stefna ber að virkri samvinnu og skörun skólastiga til að tryggja að nemandi geti stundað nám á eigin hraða. Tryggja þarf tengsl skóla við atvinnulífið á öllum skólastigum og byggja brú á milli skóla og atvinnulífsins meðan á námi stendur.

Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á aðlögun barna af erlendum uppruna að íslensku samfélagi og menntakerfið er besti vettvangur þess. Sérstaklega þarf að leggja áherslu á kennslu í íslensku hjá annarri og þriðju kynslóð innflytjenda.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að öllum skólastigum sé tryggt fjármagn til reksturs. Ólíðandi er að skólar búi við rekstrarumhverfi þar sem t.d. ekki er hægt að kaupa aðföng vegna ónógra framlaga ríkis og sveitarfélaga. Stefna ber að því að lágmarka enn frekar kostnaðarþátttöku foreldra vegna náms leikskólabarna og áréttar að grunnskólinn skal vera gjaldfrjálss.

Það þarf að tryggja rekstur Menntamálastofnunar, faglega forystu hennar í skólaþróun, rannsóknunum og námsmati.

Framsóknarflokkurinn vill að nemendur njóti fulls jafnréttis til náms, m.a. óháð fötlun, getu, búsetu, kyns eða uppruna. Til þess að svo megi verða þarf að auka grunnþjónustu, bæði staðbundna og fjarþjónustu. Þá þarf að auka aðgengi, samvinnu og samræmingu um stuðning, ráðgjöf, stoðþjónustu og heilsugæslu. Menntastofnanir eiga m.a. að stuðla að virkri málörfun yngstu barnanna, og leggja áherslu á lestrarfærin og þjálfu læsi á öllum skólastigum. Virða þarf ákvörðunarrétt nemenda og fjölskyldna þeirra sem vilja frekar nýta sér skóla sem vinna markvisst með nemendum með sértækar þarfir. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á snemmtæka íhlutun vegna barna með námserfiðleika og annan vanda. Tryggja þarf fjármagn til greiningar og að hægt sé að veita barni viðeigandi stuðning um og leið og vandi þess hefur verið kortlagður. Tryggja þarf að skólar geti uppfyllt kröfur um skóla margbreytileikans og einstaklingsmiðað nám og námsleiðir, m.a. með því að veita þeim nauðsynlegt fjármagn, svigrúm og aðstöðu.

Í ljósi þess hve dregið hefur úr nemendafjölda í kennaranámi er mjög brýnt að bregðast við, skoða vel inntak námsins, starfsvettvang og kjör.

Ríki og sveitarfélög skulu stuðla að fjölbreytileika í skólastarfi sem og fjölbreytni í skólagerðum, námsleiðum, kennsluaðferðum, námsaðferðum og námsgögnum. Gera þarf skólum fjárhagslega kleyft að nýta sér fjölbreytt námsefni úr ólíkum áttum. Þjóða þarf upp á fjölbreyttar leiðir í kennaramenntun og laða að skólum hæfa og áhugasama kennara sem vilja starfa í hreyfanlegu og margbreytilegu skólaumhverfi, ekki síst á sviði iðn- og raungreina. Kennarar á öllum skólastigum þurfa að eiga kost á öflugum sí- og endurmenntunarnámi. Stjórnvöld verða að tryggja með fjármagni að kennurum og öðru starfsfólki skóla standi jafnan til boða símenntun og fræðsla sem tekur mið að af fjölbreyttum hópi nemenda í skóla án aðgreiningar. Allt skólaumhverfið verður að vera í stakk búið til að sinna þeirri skyldu sinni að mæta ólíkum þörfum nemenda. Kjör og starfsumhverfi endurspeglir mikilvægt samfélagshlutverk kennara.

Íslenskir háskólar skulu leggja áherslu á gæði í námi sem býr nemendur vel undir framhaldsnám á háskólastigi. Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt fyrir samfélagið að ný þekking og hugmyndastraumar í greinum háskólastigsins berist jafnt og þétt til landsins. Í þeim tilgangi er mikilvægt að íslenska háskólasamfélagið hvetji nemendur til framhaldsnáms á háskólastigi erlendis. Leggja þarf áherslu á að fá hingað til lands erlenda fræðimenn til kennslu og rannsóknarstarfa.

Styðja þarf við uppbyggingu þekkingar- og rannsóknarsetra á landsbyggðinni. Öflug setur eru áhrifarík leið til að styrkja og byggja upp fjölbreytt atvinnulíf. Einnig eykur það möguleika fólks með fjölbreytt háskólanám að setjast að utan höfuðborgarsvæðis.

Framsóknarflokkurinn vill að lokið verði við endurskoðun laga um LÍN með þeim breytingum sem unnið hefur verið að í þinglegri meðferð málsins. Einnig þarf að hækka frítekjumark, endurskoða reglulega raunverulegan framfærslukostnað í samræmi við aðra launahópa og jafna aðstöðu nemenda óháð búsetu.

Efla þarf nám í verk-, tækni-, hönnunar- og listgreinum á öllum skólastigum. Framsóknarflokkurinn vill að farið verði í heildarmat á fyrirkomulagi iðnmenntunar í landinu. Sérstaklega verði tryggt að skólar sem leggi áherslu á iðn- og verknám fái nægilegt fjármagn til að halda úti öflugri verklegri kennslu. Auk þess þarf að skoða með hvaða hætti best er að haga starfsþjálfun utan veggja skólanna með það að markmiði að veita nemendum góða starfstengda þjálfun. Það þarf að ýta úr vör fræðslu meðal barna og unglinga um iðnnám og fjölbreytt störf í iðnaði. Komið verði á fót samstarfsvettvangi menntamálayfirvalda, kennara og hagsmunaaðila í atvinnulífi um framtíðarsýn, mótun menntastefnu og uppbyggingu öflugrar sí- og endurmenntunar. Lögð verði áhersla á nýsköpun og menntun frumkvöðla og tryggja aðgengi að starfsfærnimati.

Menningarmál

Framsóknarflokkurinn fagnar þeirri miklu grósku sem er í íslensku menningarlífi. Mikilvægt er að standa vörð um helstu menningarstofnanir þjóðarinnar og styðja jafnframt ötullt starf áhugamanna. Mikilvægt er að styðja enn frekar við skapandi greinar, listir og menningarstarfsemi, ekki síst vegna þess að sýnt hefur verið fram á að slíkur stuðningur

skilar sér margfalt til baka til samfélagsins. Sérstaklega þarf að huga að uppbyggingu aðstöðu og stuðningi við menningarstarfsemi og skapandi greinar utan höfuðborgarsvæðisins.

Framsóknarflokkurinn vill efla Kvikmyndasjóð Íslands og kanna með hvaða hætti hægt er að greiða enn frekar fyrir en nú er að erlendir kvikmyndaframleiðendur sjái sér hag í því að taka upp kvikmyndir sínar hérlendis. Einnig þarf að horfa til þess hvernig greiða má götu annarra listgreina í sama tilgangi.

Öflugt menningarlíf er hornsteinn öflugs mannlífs. Það gefur ómælt af sér og hefur bæði menningarlega þýðingu og efnahagslega. Það skilar árangri í jákvæðri kynningu á landi og þjóð á erlendri grundu. Við viljum að á Íslandi verði fjölbreytt listnám útbreitt og viðurkennt. Lykilsöfn í íslensku samfélagi verða að hafa góða aðstöðu til sýninga og varðveislu muna, sem og til frekari rannsókna og söfnunar. Við fögnum þeirri grósku sem ríkir í nýsköpun og starfsemi lítilla safna og setra, sérstaklega á landsbyggðinni. Menningarsamningar hafa gefið góða raun og viljum við fjölga þeim sem og styrkja þá sem fyrir eru. Höfundarétt ber að virða. Einnig þarf að tryggja Náttúruminjasafni viðunandi aðstöðu sem fyrst.

Fjölmiðlar eru mikilvæg upplýsingaveita almennings í lýðræðislegu samfélagi. Auka þarf gagnsæi um útbreidda fjölmiðla þannig að eignarhald sé skýrt sem og til að koma í veg fyrir samþjöppun. Ríkisútvarpið á að gegna mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi með hlutlægrri umfjöllun og standa vörð um ísl. tungu. Á RÚV hvílir rík, lýðræðis- og samfélagsleg skylda og því ber að þjóna öllu landinu. Útvarpsgjaldið verður því að renna óskipt til RÚV. Standa skal vörð um íslenska tungu, efla rannsóknir á þróun hennar og leggja áherslu á aðgerðir til að tryggja notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni.

Framsóknarflokkurinn leggur ríka áherslu á mikilvægi íþróttar-, tómsunda- og æskulýðsstarfa. Tryggja þarf jafna aðstöðu kynjanna og samþætta leik og nám eftir því sem kostur er. Stuðla ber að því að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem um ræðir íþróttir, listnám, listsköpun eða félagsstarf. Slíkt starf þroskar einstaklinginn og hefur mikið forvarnargildi. Brynt er að ríkið tryggi betri rekstrargrundvöll æskulýðs- og tómsundafélaga.

Ályktun um stjórnskipan, kirkjumál, mannréttindamál og dómsmál

Framsóknarflokkurinn er hlynntur endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins og fagnar því framkominni tillögu um breytingar á stjórnarskránni sem lögð er fram í kjölfar vinnu stjórnarskrárnefndar með þátttöku allra flokka sem sæti eiga á Alþingi. Mikilvægt er að fyrst sé horft til breytinga sem lúta að nýju auðlindaákvæði og skýrum ákvæðum um beint lýðræði og ekki verði opnað á framsal fullveldis. Framsóknarflokkurinn vill að vægi atkvæða verði jafnað eins og kostur er en hafnar því alfarið að landið verði gert að einu kjördæmi. Frekar þarf að horfa til þess að fjölga kjördæmum frá því sem nú er. Framsóknarflokkurinn er hlynntur persónukjöri. Framsóknarflokkurinn er fylgjandi því að vægi beins lýðræðis í ákvarðanatöku samfélagsins sé aukinn, meðal annars með lögfestingu reglna um þjóðarfrumkvæði.

Framsóknarflokkurinn felur formanni flokksins að hefja vinnu við breytingar á 5. gr. stjórnarskrárinnar þannig að í forsetakosningum sé tryggt að forseti lýðveldisins hafi skýrt umboð frá meirihluta þjóðarinnar. Því þarf að heimila í stjórnarskránni tvær umferðir í forsetakosningum ef enginn frambjóðandi hlýtur meirihluta atkvæða. Í seinni umferð skuli kosið á milli þeirra tveggja aðila sem hljóta flest atkvæði í fyrri umferð. Með þessari breytingu vill Framsóknarflokkurinn styrkja þær stoðir sem beint lýðræði stjórnarskrárinnar byggir á og hafa umboð forseta með öllu óvefengjanlegt, til að hafa eftirlit með fulltrúalýðræði Alþingis og láta mál í hendur þjóðarinnar, telji forseti það nauðsynlegt.

Tryggja þarf betur örugg og auðveldari skil á utankjörfundaratkvæðum, hvort heldur sem um ræðir hjá sýslumönnum á Íslandi, hjá sendiráðum og kjörræðismönnum erlendis.

Framsóknarflokkurinn vill að áfram verði stutt við öflugt starf þjóðkirkjunnar um land allt enda hefur hún skyldur við alla landsmenn. Sóknargjöld eru félagsgjöld til trúar – og lífsskoðunarfélaga sem ríkið hefur tekið að sér að innheimta fyrir þau öll á grundvelli samninga og laga. Það er skýr krafa að sóknargjöldin renni óskert til allra trúar – og lífsskoðunarfélaga.

Í lýðræðisríki er einfalt og skilvirkt réttarkerfi ein af forsendum réttlætis. Ágreiningsmál, hvort heldur þau eru á stjórnsýslustigi eða fyrir dómstólum, þurfa að ganga hratt og örugglega fyrir sig. Framsóknarflokkurinn fagnar stofnun þriðja dómstigsins enda hefur það verið baráttumál flokksmanna um margra ára skeið.

Það er ein af grunnskyldum ríkisins að tryggja öryggi borgaranna. Forsenda þess er öflug löggæsla. Tryggja þarf lögreglu nægilega góð starfsskilyrði til að hún geti sinnt þeim fjölmörgu verkefnum sem að henni snúa um land allt, allan ársins hring. Drög að nýrri löggæsluáætlun fyrir Ísland liggur fyrir þar sem tekið er á öryggisstigi, þjónustustigi, mannaflapörf og fjárveitingum. Ljúka þarf gerð þessarar löggæsluáætlunar án tafar og vinna í samræmi við hana. Jafnframt þarf að leggja af hagræðingarkröfu við gerð fjárlaga, þegar kemur að réttarvörslukerfinu.

Framsóknarflokkurinn fagnar átaksverkefnum lögreglu og sveitarfélaga gegn heimilisofbeldi og leggur áherslu á að farið verði yfir hvort þörf sé fyrir lagabreytingar á einhverjum sviðum

til að verkefni skili langtíma árangri. Efla þarf tölvuafbrotadeild lögreglu svo sporna megi við glæpum á internetinu s.s. hefndarklámi, kynferðisáreiði og hugverkastuldi.

Til að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi s.s. innflutningi fíkniefna, mansali, hryðjuverkum og auknum umsvifum skipulagðra glæpagengja, skuli lögreglunni veittar nauðsynlegar rannsóknarheimildir sambærilegar þeim sem lögregla í öðrum norrænum ríkjum hefur. Jafnframt er mikilvægt að efla tollgæslu um land allt.

Framsóknarflokkurinn vill efla og veita auknu fé til Landhelgisgæslunnar til að hún sé betur í stakk búin að mæta auknum kröfum um öryggi á norðurslóðum og sinna sínu lögbundna hlutverki um allt landið og miðin.

Markmiði fangelsisvistar er að þeir sem afplána refsidóma snúi út í samfélagið á ný sem betri þjóðfélagsþegnar. Í því augnamiði þarf að fjölga úrræðum fyrir afbrotamenn enda geta önnur úrræði en fangelsisvist borið meiri árangur, sérstaklega við fyrsta brot. Mikilvægt er að afplánun refsidóma geti hafist sem fyrst að uppkeðnum dómi. Miða skal við að erlendir ríkisborgarar afpláni íslenska refsidóma í heimalandi sínu, þegar við á. Gera skal framsalssamninga við sem flest ríki.

Framsóknarflokkurinn styður mannréttindi, virðingu fyrir einstaklingnum og fjölskyldunni og hafnar hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki. Framsóknarflokkurinn vill stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur og hafi jöfn réttindi óháð þjóðerni og uppruna. Mikilvægt er að við móttöku útlendinga sé unnið með mannréttindi að leiðarljósi, að framkvæmd laga sé skilvirk og vel sé staðið að skipulagi hvort sem er vegna umsókna um dvöl, atvinnuréttindi eða þjónustu samfélagsins.

Bæta þarf upplýsingagjöf opinberra aðila til innflytjenda. Þjónusta skóla og velferðarkerfis þarf að taka mið af auknum hreyfanleika fólks milli landa og huga þarf að þörfum allra, við opinbera stefnumótun og aðgengi að opinberri þjónustu.

Mikilvægt er að skipulag menntakerfisins tryggji að fullorðnir innflytjendur eigi greiðan aðgang að námi í íslensku og fræðslu um íslenskt þjóðfélag. Enda er þekking á tungumálinu og þjóðfélaginu lykill að virkri þátttöku í samfélaginu. Tryggja þarf aðgengi að þjónustu túlka og samfélagstúlka eftir því sem við á.

Nauðsynlegt er að tvítyngdir nemendur leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eigi kost á námi í íslensku og eigin móðurmáli sé því viðkomið. Tryggja þarf að fjölbreytt forvarnar- og átaksverkefni nái til tvítyngdra barna. Leita þarf leiða til að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi og vinna þarf markvisst gegn brottfalli innflytjenda úr framhaldsskólum.

Fjölbreyttur bakgrunnur fólks leiðir til betri og samkeppnishæfari vinnumarkaðar og ólík færni fólks ýtir undir framþróun atvinnulífs og skilar þannig árangri fyrir samfélagið allt. Brýnt er að fólki af erlendum uppruna sé kynnt réttindi og skyldur bæði starfsmanna og vinnuveitenda. Auka þarf möguleika innflytjenda til að fá menntun sína metna hérlandis enda er menntun þeirra auður sem gæti nýst öllu samfélaginu til hagsbóta.

Bæta þarf tækifæri innflytjenda til þátttöku í félagsstarfi, lýðræðislegri umræðu og stjórnámálum. Stuðla þarf að faglegri, vandaðri og upplýsandi umfjöllun um málefni innflytjenda og þátttöku þeirra í samfélaginu. Leggja skal áherslu á að draga fram tækifærin sem felast í fjölmenningu og nýta þekkingu innflytjenda til að efla íslenskt samfélag. Mikilvægt er að efla stuðningsnet innflytjenda og vinna þarf markvisst gegn fordómum í garð innflytjenda.

Íslendingar þurfa að halda áfram að sýna ábyrgð í samfélagi þjóðanna við móttöku á flóttafólki og styður flokksþingið áherslur ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Af mannúðarástæðum er mikilvægt að flýta málsmeðferð og lokaniðurstöðum í málefnum hælisleitenda.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að alþjóðlegir samningar og skuldbindingar séu hafðar að leiðarljósi, m.a. mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis, samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum, samningur Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun um sveitarstjórnarmál

Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem ber að virða. Við gerð langtímasýnar og landskipulags verði ekki gengið frekar á sjálfstæði sveitarfélaga og skipulagsvaldið verði áfram á sveitarstjórnarstiginu. Tryggja þarf skipulagsvald sveitarstjórna á strandsvæðum.

Efla þarf traust og samvinnu við endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Endurskoða þarf reglulega tekjuskiptingu milli stjórnsýslustiga þar sem auknar kröfur af hendi ríkisins á sveitarfélög kalla á aukin fjárframlög.

Ef verkefni eru flutt frá ríki til sveitarfélaga skal það gert með þeim hætti að ríkið fjármagnar verkefnið í fimm ár eftir undirskrift samnings. Skal það gert til að tryggja góðan undirbúning, að nægt rekstrarfé fylgi verkefninu og að reynsla fái á fyrirkomulagið. Að þessum fimm árum liðnum sé tekin ákvörðun um áframhald verkefnisins.

Ljúka þarf fráveituframkvæmdum í mörgum sveitarfélögum. Í ljósi umfangs þeirra verkefna þarf ríkið að styðja við þau sveitarfélög t.d. með því að greiða hluta framkvæmda.

Styrkja þarf sveitarstjórnarstigið og auka áhuga almennings á þátttöku í sveitarstjórnarmálum. Hvetja þarf til meiri umræðu og fræðslu um sveitarstjórnarmál og íbúalýðræði. Þá þarf að skýra stjórnsýslulega stöðu Landshlutasamtaka Sveitarfélaganna. Ekki síst í ljósi aukinna verkefna sem til þeirra hafa verið flutt frá ríkisvaldinu.

Tryggja skal öllum framboðum, sem náð hafa kjöri til sveitastjórnar seturétt í nefndum og ráðum sveitarfélaga. Þannig er stuðlað að lýðræðislegri umræðu og aðkomu fleiri aðila að ákvarðanatöku.

Framsóknarflokkurinn setur sveitarstjórnarmál á oddinn til að efla lýðræði í landinu og hvetur til samvinnu sveitarfélaga. Hugað verði að sameiningu sveitarfélaga að frumkvæði heimamanna.

Ályktun um samgöngur, fjarskipti og byggðamál

Greiðar samgönguleiðir eru lífæð búsetu í landinu, en vegakerfið hefur stórlega látið á sjá vegna viðhaldsleysis á aðeins örfáum árum. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að ein mikilvægasta fjárfesting landsmanna sé fólgin í áframhaldandi uppbyggingu og viðhaldi vegakerfisins. Stórauka þarf framlög til viðhalds og nýbyggingu vega. Auka þarf umferðaröryggi og vinna kerfisbundið eftir sérstakri umferðaröryggisáætlun.

Á næsta ári skal ráðast í sérstakt átaksverkefni til að bregðast við því hættuástandi sem víða hefur skapast í vegakerfinu. Sérstök áhersla verði lögð á gerð aðreinar og bættra vegmerkinga.

Tryggja verður að á hverjum tíma sé að minnsta kosti unnið að tveimur jarðgöngum í landinu og áfram haldið þar til brýnustu verkefnum á því sviði er lokið. Í því sambandi sé sérstaklega lögð áhersla á að rjúfa einangrun byggðalaga á Austurlandi og Vestfjörðum.

Framsóknarflokkurinn telur að innanlandsflug sé hluti af almenningssamgöngum og ríkinu beri að greiða niður flugfargjöld á öllum leiðum innanlands til að gera landsmönnum öllum mögulegt að rjúfa þennan samgöngukost.

Framsóknarflokkurinn leggst alfarið gegn þeim framkvæmdum sem veitt hefur verið leyfi fyrir og rýra verulega notkunarmöguleika Reykjavíkurflugvallar með tilliti til flugöryggis. Flugvöllurinn í Reykjavík er óumdeilanlega miðstöð innanlands- og sjúkraflegs. Vegna þjóðar-, almennings- og öryggishagsmuna leggur Framsóknarflokkurinn áherslu á að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Hann er mikilvægur hornsteinn í samgöngum landsmanna og þarf áfram að þjóna öllum landsmönnum. Framsóknarflokkurinn styður Reykjavíkurflugvöll í núverandi mynd, með þremur flugbrautum og mun styðja veru neyðarbrautarinnar 06-24 áfram. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á uppbyggingu almenningssamgangna sem eru umhverfisvænn og raunhæfur valkostur. Flokkurinn hvetur til aukinnar notkunar vistvænna ökutækja.

Framsóknarflokkurinn minnir á að gott fjarskiptanet um land allt er hornsteinn nútímasamfélags. Gott fjarskiptasamband er grundvöllur samkeppnisstöðu landsins og því fagnar flokkurinn landsátaki ríkisstjórnarinnar undir forystu Framsóknarflokksins um uppbyggingu ljósleiðaranets sem ber heitið „Ísland ljóstengt“. Huga þarf sérstaklega að þeim svæðum þar sem kostnaður við teningar er mun dýrari en í þéttbýli m.a. vegna landfræðilegra aðstæðna, dreifbýlis og fámennis. Í því skyni þarf að auka fjármagn í verkefnasjóðinn „Ísland ljóstengt“ og koma þannig í veg fyrir að slík svæði dragist aftur úr. Einnig þarf að hraða uppbyggingu farsímakerfa. Svæði sem enn eru langt á eftir í fjarskiptum skulu vera í forgangi uppbyggingar sem flokksþingið vill að klárast á næstu fjórum árum.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að rafmagn um allt land skuli vera þriggja fasa og að þeirri uppbyggingu verði flýtt.

Framsóknarflokkurinn telur brýnt að brugðist verði við þeim vanda sem blasir við vegna aðilaskipta að bújörðum og svokölluðum ættliðaskiptum. Brýnt er að fólk geti hafið búskap sem víðast og þar með tryggt áframhaldandi byggðafestu í sveitum landsins. Hugað skal

sérstaklega að því hvort hægt sé að auka nýtingu ríkisjarða jafnvel endurskoða nýtingu þeirra, annað hvort með leigu eða sölu - landbúnaðarmál

Auka þarf fjármagn til hafnarframkvæmda í samræmi við ný samþykkt hafnarlög. Mörg hafnarmannvirki hefur skort viðhald um lengri tíma.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að ný opinber störf verði staðsett um land allt

Framsóknarflokkurinn telur brýnt að ráðast í róttækar aðgerðir til að sporna við viðvarandi fólksfækkun á sérstaklega skilgreindum varnarsvæðum. Leitað verði leiða til að jafna búsetuskilyrði með almennri lagasetningu og að viðurkennt verði að hagsæld þjóðarinnar til lengri tíma litið sé undir því komin að viðhalda dreifðari byggðum. Til þess að samfélög þrífist verður að eiga sér stað nýliðun og til þess að ungt fólk vilji setjast að vítt og breitt um landið þurfa innviðir og þjónusta að vera í takt við samtímann.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að unnið verði að tillögum varðandi ívilnanir fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að tryggja nýsköpun í atvinnuuppbyggingu um allt land. Í því samhengi verði horft til aðgerða Norðmanna eins og að veita afslátt af námslánum kjósi fólk að setjast að á ákveðnum svæðum sem tilgreind hafa verið sem svæði sem þarfnast stuðnings. Einnig verði leitað leiða til að auðvelda fólki að sækja vinnu um langan veg.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að byggðastefna sé fléttuð inn í allt starf flokksins og hagsmunir landsins alls séu hafðir í huga þegar ákvarðanir eru teknar. Mikilvægt er að höfuðborg og landsbyggðirnar vinni vel saman og styðji hvort annað.

Ályktun um umhverfis- og auðlindamál

Virðing fyrir náttúrunni hefur verið grunnstef í stefnu Framsóknarflokksins frá stofnun hans. Íslendingar byggja sína tilveru á skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Mikilvægt er að Íslendingar búi yfir góðri þekkingu á lífríki og náttúru lands og sjávar.

Náttúruvernd

Náttúruvernd er ein tegund landnýtingar. Verndargildi á hverjum stað þarf að meta á faglegan hátt með víðtæku samstarfi þar sem stefnan er sett fram í náttúruverndaráætlun og með lögum um náttúruvernd. Stefnumörkun taki einnig tillit til búsetu- og menningarminja. Við framkvæmdir eða uppbyggingu á svæðum með hátt verndargildi skiptir miklu að greina á milli þess sem er óafturkræft og þess sem fjarlægja má síðar án ummerkja í umhverfinu.

Auðlindir

Náttúruauðlindir Íslands eru fjölmargar. Auðlindaákvæði verði sett í stjórnarskrá og landsmönnum tryggður sanngjarn arður af sameiginlegum auðlindum. Lögfesta þarf hvað flokkast til auðlinda hér á landi, eins og kostur er, og hverjar auðlindir Íslands skulu vera í þjóðareign. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi við alla nýtingu náttúruauðlinda.

Vaxandi ásókn í auðlindir leiðir til álags á umhverfið og við því þarf að bregðast með skipulags og framkvæmdaáætlunum. Nýsamþykktri Landskipulagsstefnu þarf að fylgja eftir með stefnumótun á haf- og strandsvæðum, flokkun landbúnaðarlands, kortagrunn um vegi á miðhálandinu og í dreifbýli, mat á þörf fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja á miðhálandinu, greina vinnusóknar- og þjónustusvæði, skipulag vindorkunýtingar og orkunýtingar. Rammaáætlun er aðferð til þess að ná málamiðlun þegar ákveðið er hvaða svæði eru tekin frá til orkunýtingar eða verndunar. Unnið verði að frekari sátt um rammaáætlunarferlið.

Innviðir í íslenskri náttúru

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur sett fram framkvæmdaáætlun um uppbyggingu innviða sem eru nauðsynlegar til verndar náttúrunni og til að dreifa álagi vegna ferðamanna.

Miklu skiptir að komið verði í veg fyrir átroðning á viðkvæmri náttúru landsins með bættu skipulagi í móttöku og aðgengi fólks. Taka þarf á stýringu ferðamanna með hliðsjón af reglum almannaréttar. Á ferðamannastöðum þarf að leggja þarf áherslu á stjórnunar- og verndaráætlanir sem fjallar m.a. um landvörslu, vöktun, uppbyggingu og fræðslu. Jákvæð ímynd landsins byggist á upplifun sem tengist hreinleika og sérkennum þess.

Endurnýting og endurvinnsla

Eitt brýnasta viðfangsefni umhverfismálanna og þýðingarmikið loftslagsmál er að sporna við sóun með endurnýtingu og endurvinnslu takmarkaða auðlinda jarðarinnar. Flokksþingið fagnar stefnunni „Saman gegn sóun“, þar sem áhersla er lögð á að draga úr matar-, plast-, og textílsóun. Matarsóun á Íslandi er nú 93.000 tonn. Brýnt er að minnka sóun matvæla á öllum stigum virðis_keðjunnar, um helming á hvern einstakling fyrir árið 2020.

Framsóknarflokkurinn leggur áhersla á hvort háþróaðar sorpeyðingarstöðvar séu heppilegri kostur við förgun úrgangs en þær leiðir sem nú eru notaðar. Skapa þarf meiri verðmæti með flokkun og endurvinnslu á úrgangi. Leggja þarf áherslu á fræðslu, nýsköpun og hagræna hvata sem auka vitund fólks um sjálfbærni

Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að draga verulega úr notkun einnota plasts, bæði meðal almennings og fyrirtækja.

Loftlagsmál

Mikilvægt er að fylgja Sóknaráætlun í loftslagsmálum til þriggja ára eftir með framkvæmdaráætlun á grunni Parísarsamkomulagsins um losun gróðurhúsalofttegunda. . Setja þarf upp hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla, auka skógrækt og landgræðslu um land allt, minnka matarsóun og losun í samgöngum, sjávarútvegi og landbúnaði.

Hnattræn hlýnun krefst viðbragða innanlands og þátttöku Íslands á vettvangi Norðurskautsráðsins og Sameinuðu þjóðanna. Ísland á að taka fullan þátt í þróun og nýtingu á grænum orkugjöfum til að draga úr loftmengun. Marka þarf stefnu til lengri tíma um notkun á innlendri endurnýjanlegri orku.

Skógrækt og landgræðsla

Auka þarf enn frekar skógrækt, landgræðslu og aðra endurheimt landgæða. Það verði gert í samstarfi við landeigendur, skógræktar- og landgræðslufélög, bændur og sveitarfélög sem leiðir til aukinnar kolefnisbindingar, verðmætasköpunar og verndun jarðvegs. Skapa þarf hvetjandi umhverfi sem leiðir til nýsköpunar úr afurðum og arðs af skógrækt.

Skipuleggja þarf skógrækt, endurheimt votlendis og landgræðsluframkvæmdir á völdum svæðum á landinu á grundvelli sérstakrar framkvæmdaráætlunar með hagkvæmni og samþætt sjónarmið skógræktar, landbúnaðar og útivistar að leiðarljósi.

Hafið

Niðurstöður úr rannsóknum á sýrustigi sjávar hafa leitt til þess að taka ber niðurstöður þeirra alvarlega. Auka þarf þekkingu á á áhrifum súrnunar sjávar á lífríki við Íslandsstrendur.

Skipuleg hreinsun á strandlengju Íslands er mikilvæg og koma þarf í veg fyrir að óæskileg efni berist til hafs, enda er grundvallarforsenda búsetu á Íslandi að okkur takist að halda hafinu í kringum landið óspilltu og jarðvegi landsins ómengduðum. Efla þarf enn frekar samstarf fyrirtækja, háskólasamfélagsins, rannsóknarstofnana og stjórnvalda um rannsóknir, þróun, framleiðslu og kynningu á tæknilausnum sem geta ýtt undir hagsæld, verðmætasköpun og heilbrigði. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kom að slíku samstarfi til að tryggja betur jákvæða ímynd Íslands hvort sem lýtur að heilnæmi sjávarfangs, og ábyrgri nýtingu auðlinda eða umhverfisvænni atvinnustarfssemi.

Móta þarf stefnu og eldi laxfiska í sjókvíum svo það ógni ekki náttúrulegu lífríki.

Skoða þarf umgjörð, reglur og eftirlit varðandi losun skipa á kjölvatni, úrgangi og útblæstri í íslenskri lögsögu. Ríki og sveitarfélög þurfa að leita sameiginlegra lausna til að fráveitur allra sveitarfélaga uppfylli settar reglur sem fyrst.

Ályktun um utanríkismál

Meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu er að gæta hagsmuna lands og þjóðar á alþjóðavettvangi. Sem smáriki á Ísland hag sinn undir því að alþjóðasamningar og lög séu virt og þjóðir leysi sín deilumál friðsamlega. Eins eru það hagsmunir smárikja að stuðla að alþjóðlegri samvinnu til þess að mæta þeim ógnum sem virða hvorki landamæri né leikreglur alþjóðakerfisins. Öflug þátttaka og hagsmunagæsla í alþjóðastarfi er mikilvægur liður í að tryggja sjálfstæði landsins.

Framsóknarflokkurinn fagnar þeim árangri og mikilvægu áföngum sem náðst hafa á sviði utanríkismála á undanförnum misserum. Fullgildingu Parísar-samningsins og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem undirritaður var fyrir 9 árum en var fullgiltur héraendis nýlega að frumkvæði utanríkisráðherra. Framsóknarflokkurinn telur að nýsamþykkt þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu og lög um þjóðaröryggisráð séu mikilvæg fyrir almannahag.

Reynslan hefur kennt okkur að Ísland þarf að eiga sterka rödd á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að sendiskrifstofur landsins hafi styrk til að sinna nauðsynlegri hagsmunagæslu og fylgja eftir áherslum í utanríkisstefnu.

Íslendingar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta með nágrannaþjóðum sínum hvað varðar auðlindir, arfleifð, þjóðmenningu og öryggismál. Samstarf við nágrannaþjóðir okkar skipi sem fyrr mikilvægan sess í utanríkisstefnu landsins.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á alþjóðlegt samstarf, m.a. á sviði öryggis, viðskipta, menntunar, menningar, mannréttinda og velferðarmála. Aðgangur að alþjóðlegum mörkuðum er útflutningsþjóð eins og Íslandi lífsnauðsyn. Stjórnvöld skulu markvisst stuðla að auknum útflutningi vöru og þjónustu, þar sem markmiðið er að sem mestur virðisauki verði til á Íslandi með fullvinnslu sem stuðlar að jákvæðum viðskiptajöfnuði og bættum lífskjörum í landinu. Tækifæri Íslands sem sjálfstæðs ríkis utan ríkjabandalaga eru nánast óendanleg, og það ber að nýta.

Fríverslunarsamningar greiða leið fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki en við gerð slíkra samninga þarf ávallt að hafa hagsmuni almennings, gangsæi og óskorað fullveldi þjóðarinnar að leiðarljósi. Stefna skal áfram að fjölgun fríverslunarsamninga, loftferðarsamninga og samninga um vegabréfsáritanir til þess að treysta hag Íslendinga í alþjóðlegum heimi. Kanna skal sérstaklega tækifæri á nýmarkaðssvæðum íslensku viðskiptalífi til hagsbóta

Ísland taki ekki þátt í viðskiptaþvingunum, nema þeim sem ákveðnar eru á vettvangi öryggisráðs sameinuðu þjóðanna og samþykktar hafa verið af alþingi í hvert sinn.

Framsóknarflokkurinn vill að Ísland sé í fremstu röð í alþjóðlegri baráttu gegn skattaskjólum

EES samningurinn hefur veitt aðgang að sameiginlegum markaði Evrópu og verið grunnur að samstarfi Íslands og Evrópusambandsins. Íslendingar skulu áfram leita eftir samstarfi við þjóðir innan og utan Evrópusambandsins á grundvelli frjálsra og sanngjarnra samninga og samvinnu sem byggir á jöfnuði og ábata allra aðila. Með slíkum samskiptum geta íslensk

stjórnvöld best tryggt langtíma hagsmuni Íslands. Framsóknarflokkurinn telur hag lands og þjóðar best borgið utan Evrópusambandsins og hafnar því aðild að sambandinu. Framsóknarflokkurinn fagnar því að ríkisstjórn undir forystu Framsóknarflokksins afturkallaði aðildarumsóknina að ESB. Ljóst má vera að forsendur þeirrar umsóknar eru brostnar.

Gæta skal íslenskra hagsmuna í hvívetna varðandi útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Bretland er stærsta viðskiptaland Íslands, bæði hvað varðar vöru- og þjónustuviðskipti. Ísland skal hafa frumkvæði að viðræðum við stjórnvöld í Bretlandi þar sem markmiðið er að tryggja a.m.k. jafn góð viðskiptakjör milli þjóðanna og nú eru í gildi.

Í ljósi þeirra grundvallarbreytinga sem orðið hafa á vettvangi EES, meðal annars með útgöngu Bretlands og í ljósi vandamála er tengjast Schengen samstarfinu er orðið tímabært að meta árangurinn af þessum samningum og velta upp valkostum.

Mikilvægi Norðurslóða fer vaxandi. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að Ísland verði virkur aðili í stefnumótun er varðar málefni norðurslóða. Ísland á að nýta möguleikana sem kunna að skapast með opnun siglingaleiðar um norðurslóðir og eiga frumkvæði að stofnun alþjóðlegrar öryggis- og björgunarmiðstöðvar með höfuðstöðvar á Íslandi.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að öryggi og varnir lands og þjóðar séu tryggð og fagnar nýrri þjóðaröryggisstefnu og þjóðaröryggisráðs. Varnarsamningurinn við Bandaríkin og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu ásamt þátttöku í varnarsamstarfi við aðrar þjóðir á jafnréttisgrundvelli tryggir best öryggi borgaranna og ríkisins enda séu mannréttindi og lýðræði leiðarljós slíks varnarsamstarfs. Þátttaka Íslands í slíku samstarfi skal byggja á borgaralegum, félagslegum, og mannúðartengdum verkefnum. Unnið skal eftir nýsamþykktri þjóðaröryggisstefnu sem tryggir sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna, vernd stjórnkerfis og innviði samfélagsins.

Hagsmunir Íslands liggja í verndun umhverfis og sjálfbærri nýtingu auðlinda til lands og sjávar. Sjávarútvegur er ein mikilvægasta útflutningsgrein þjóðarinnar. Því er mikilvægt að standa vörð um fiskveiðiauðlindir kringum landið og kynna sjálfbæra fiskveiðistefnu Íslands á alþjóðavettvangi.

Mannréttinda- og jafnréttismál skipi áfram veglegan sess í utanríkisstefnu Íslands á vettvangi alþjóðastofnana og samskiptum Íslands við önnur ríki og ríkjasambönd. Því er mikilvægt að Ísland sýni gott fordæmi í þessum málaflokki á heimsvísu og beiti sér gegn mannréttindabrotum. Ísland á að tala máli hinsegin fólks á alþjóðavettvangi.

Unnið skal áfram að uppbyggingu þróunarsamvinnu og miðla þekkingu sem byggð hefur verið upp innanlands á vettvangi Háskóla sameinuðu þjóðanna, í sjálfbærum sjávarútvegi, jarðhita, jafnrétti og landgræðslu.

Ísland skal áfram beita sér í bættu aðgengi fátækra ríkja að alþjóðaviðskiptum og afnámi viðskiptahindrana gagnvart þeim. Unnið verði að því að framlög Íslands til þróunarsamvinnu endurspegli markmið Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægt er að Ísland beiti sér áfram fyrir þróunarsamvinnuverkefnum sem stuðla að jafnrétti kynjanna. Sýnt hefur verið fram á aukin efnahagslegan ávinning fyrir ríki heims með virkri þátttöku kvenna á öllum sviðum samfélagsins.